

Heimildir Umferðareftirlitsmanna Vegagerðarinnar til stöðvunar ökutækja og annarra eftirlitsaðgerða.

Umferðarlög nr. 50/1987 með síðari breytingum.

2. mgr. 68. gr. [Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að stöðva akstur ökutækja sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd hvenær sem er til þess að sinna eftirliti með:

- a. aksturs- og hvíldartíma ökumanna og notkun ökurita,
- b. stærð, heildarþyngd og áspunga ökutækja,
- c. hleðslu, frágangi og merkingu farms.

Ökumaður og flytjandi skulu hlíta þeim reglum sem ráðherra setur um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og áspunga ökutækja, hleðslu, frágang og merkingu farms, sbr. 1. mgr. 76. gr.

Ökumanni vöruflutninga- eða hópbifreiðar er skylt að stöðva ökutæki þegar eftirlitsmaður Vegagerðarinnar gefur stöðvunarmerki, sbr. 2. mgr. Ökumanni er skylt að hlíta því að eftirlitsmaður skoði stærð, heildarþyngd og áspunga ökutækis, sem og hleðslu þess, frágang og merkingu farms, og skal veita honum aðgang að upplýsingum sem varðveittar eru í ökurita ökutækis, á ökuritakorti, eða með öðrum hætti. Ef við eftirlit vaknar grunur um brot á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanns og notkun ökurita, stærð, heildarþyngd og áspunga ökutækja, eða hleðslu, frágang og merkingu farms, sbr. 2. mgr., er eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að banna frekari för ökutækis til að hindra áframhaldandi brot þar til lögregla kemur á vettvang. Ökumaður skal hlíta banni eftirlitsmanns um frekari för þar til því hefur verið aflétt. Óhlýðnist ökumaður banni eftirlitsmanns skal það þegar tilkynnt til lögreglu.

Ökumaður eða flytjandi skal, að kröfu lögreglu eða eftirlitsmanns, afhenda eftirlitsaðila gögn með upplýsingum sem skráðar eru og varðveittar, sbr. d- og e- lið 1. mgr. 44. gr. a. Þetta gildir jafnt um eftirlit á vegum og í starfsstöð flytjanda, hvort sem gögnin eru afhent á staðnum eða send eftirlitsaðila. Neiti flytjandi eða ökumaður að afhenda gögn skal það tilkynnt til lögreglu.

Ráðherra setur reglur um hæfi og þjálfun eftirlitsmanna, einkennisbúnað, skilríki og um framkvæmd eftirlitsins.

Lög nr. 73/2001 **um fólksflutninga og farmflutninga á landi með síðari breytingum**

15. gr.

Tilkynningar um brot og eftirfarandi eftirlit.

Hafi Vegagerðinni borist tilkynning um leyfisskylda starfsemi sem stunduð er án tilskilins leyfis og ljóst þykir af skýringum frá viðkomandi að starfsemin er leyfisskyld, en ekki er orðið við áskorunum um að sækja um leyfi skv. 4. gr., er sérstökum eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að stöðva ökutæki hans og kyrrsetja það uns sótt hefur verið um leyfi. Ef ekki er orðið við ítrekuðum áskorunum Vegagerðarinnar um skýringar á starfsemi er eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að stöðva ökutæki viðkomandi til að kanna um hvernig flutning er að ræða og hvort starfsemi er leyfisskyld. Vegagerðin getur leitað aðstoðar lögreglu við að stöðva ökutækið í þessum tilvikum. Ökumanni er skylt að stöðva ökutæki þegar lögreglan eða eftirlitsmaður Vegagerðarinnar gefur stöðvunarkerki og verða við fyrirmælum um að hætta akstri. Ökumaður ber ábyrgð á farmi sem hann flytur þegar ökutæki er stöðvað samkvæmt þessari grein og ber ábyrgð á að útvega áframhaldandi flutning farmsins til viðtakanda.

Lög um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004

19. gr.

Eftirlit.

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki og að skráning þeirra og búnaður sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Jafnframt annast ríkisskattstjóri eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá. Fjármálaráðherra er heimilt að fela Vegagerðinni framkvæmd eftirlitsins.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskyld ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis. Eftirlitsmönnum er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskyld ökutæki. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók.

Ríkisskattstjóra er heimilt við eftirlit með gjaldskyldum aðilum, sem hlotið hafa skráningu skv. 3. gr., að krefjast þess að fá afhent bókhald og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn. Enn fremur hefur ríkisskattstjóri aðgang að framangreindum gögnum, starfsstöðvum og birgðastöðvum. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt eftir því sem þau geta átt við.

REGLUGERÐ 627/2005
um ákvörðun kílómetragjalds og skyldur ökumanna.

18. gr.

Vegagerðin annast eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyriræli laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl., reglur um öikumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á því sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá öikumæla. Þá er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita, afriti úr ökuritakorti og akstursbók.

REGLUGERÐ 628/2005
um eftirlit með notkun á litaðri gas- og dísilolíu.

1. gr.

Vegagerðin skal annast eftirlit með því að ekki sé notuð lituð olía á skráningarskyld ökutæki. Undanþegin slíku eftirliti eru skráningarskyld ökutæki sem heimild hafa til notkunar á litaðri olíu, sbr. reglugerð nr. 602/2005 (nú reglugerð nr. 274/2006), um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds. Vegagerðin skal jafnframt hafa eftirlit með að skráning og búnaður skráningarskyldra ökutækja sé í samræmi við lög nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald ofl.

2. gr.

Stöðvun á ökutækjum og sýnataka.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á ökutæki sem fellur undir 1. másl. 1. gr. andstætt ákvæðum reglugerðar nr. 602/2005 (nú reglugerð nr. 274/2006), um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds, þar á meðal að skoða eldneysisgeymi og vél ökutækis.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á ökutæki sem heyrir undir 1. másl. 1. gr. Vegagerðin setur nánari reglur um framkvæmd á sýnatöku.

Reglugerð nr. 599/2005
um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila kílómetragjalds.

15. gr.

Hlutverk eftirlitsmanna er að kanna hvort mælisbúnaður gjaldskyldra ökutækja, skráning ökumanna á akstri og skráning ökutækisins í ökutækjaskrá sé í samræmi við lög og reglur sem slíkt grundvallast á.

16. gr.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á ökutækinu sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla og lög nr. 87/2004, um olúfgjald og kílómetragjald o.fl. Eftirlitsmönnum er þannig heimilt að:

- a. mæla heildarþyngd ökutækis og bera hana saman við gjaldþyngd ökutækis,
- b. kanna hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir telji rétt,
- c. kanna skráningarskírteini ökutækis og skráningarblöð ökurita,
- d. kanna hvort akstur hafi verið réttilega færður í akstursbók,
- e. kanna hvort innsigli hafi verið rofið
- f. kanna hvort ökumælir og ísetning eru í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar

Eftirlitsmönnum er heimilt að kanna starfsemi verkstæða er hafa heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla skv. 3. gr. og athuga hvort þau fullnægi skilyrðum sem þeim eru sett samkvæmt reglugerð þessari.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara til álestraraðila og fylgjast með álestri og kanna hvort álestraraðili fari að þeim reglum sem settar eru fram í reglugerð þessari og benda á leiðir til úrbóta ef einhverju er ábótavant.